

2142. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn fimmtudaginn 13. mars 2014 á Laugardalsvelli og hófst kl. 16.00

Mættir: Geir Þorsteinsson, Gylfi Þór Orrason, Guðrún Inga Sívertsen, Gísli Gíslaon, Rúnar Arnarson og Þórarinn Gunnarsson.

Þórir Hákonarson framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Forföll: Ragnhildur Skúladóttir, Róbert Agnarsson, Vignir M. Þormóðsson, Jóhannes Ólafsson, Jóhann Torfason.

Þetta var gjört:

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og samþykkt

2. Embættismenn stjórnar

Samþykkt skipan embættismanna stjórnar þannig að Gylfi Þór Orrason verður varaformaður, Guðrún Inga Sívertsen gjaldkeri og Gísli Gíslason ritari.

3. Nefndir

- Starfsreglur nefnda. Ítrekuð er skylda nefnda að funda a.m.k. 6 sinnum á starfsárinu og að starfsmenn nefnda skuli senda fundargerðir á nefndarmenn og stjórn. Starfsreglur nefnda, siðareglur, reglur um hópferðir og jafnréttisáætlun verða kynnt á fyrsta fundi hverrar nefndar.
- Skipan í nefndir og starfshópa. Samþykkt er eftirfarandi skipan í nefndir og starfshópa fyrir starfsárið 2014 – 2015:

Dómaranefnd

Gylfi Þór Orrason formaður

Ari Þórðarson

Bragi Bergmann

Gísli Gíslason

Jón Sigurjónsson

Pjetur Sigurðsson

Ragnhildur Skúladóttir

Þórarinn Gunnarsson

Fjárhagsnefnd

Guðrún Inga Sívertsen formaður

Eggert Steingrímsson

Rúnar Arnarson

Þórir Hákonarson

Fræðslunefnd

Ragnhildur Skúladóttir formaður

Guðni Kjartansson

Gylfi Þór Orrason

Sigurður Þórir Þorsteinsson

Sigurður Sighvatsson

Sigvaldi Einarsson

Örn Ólafsson

Laga- og leikreglnanefnd

Gísli Gíslason formaður
Guðmundur H. Pétursson
Þórarinn Gunnarsson

Landsliðsnefnd karla

Rúnar Arnarson formaður
Jóhannes Ólafsson
Róbert Agnarsson
Þorgrímur Þráinsson

Landsliðsnefnd kvenna (A og U21)

Guðrún Inga Sívertsen formaður
Arna Steinsen
Erla Hendriksdóttir
Laufey Sigurðardóttir
Hanna Dóra Magnúsdóttir
Ragnhildur Skúladóttir

Landsliðsnefnd U21 karla

Vignir Þormóðsson formaður
Einar Kristján Jónsson
Gísli Gíslason
Jónas Þórhallsson
Steinn Halldórsson

Unglinganefnd karla (U19 og U17)

Þórarinn Gunnarsson formaður
Gunnar Gunnarsson
Ingvar Guðjónsson
Jóhann Torfason
Magnús Brandsson
Ómar B. Stefánsson
Sigurður Helgason
Þórður Lárusson

Unglinganefnd kvenna (U19 og U17)

Ragnhildur Skúladóttir formaður
Hanna Dóra Magnúsdóttir
Jakob Skúlason
Kristbjörg Ingadóttir
Sigrún Ríkharðsdóttir
Sigríður Pálsdóttir
Tómas Þóroddsson

Mannvirkjanefnd

Gísli Gíslason formaður
Bjarni Þór Hannesson
Jón Runólfsson
Margrét Leifsdóttir
Kristján Ásgeirsson
Rúnar Arnarson
Þorbergur Karlsson

Mótanefnd

Róbert B. Agnarsson formaður
Atli Þórsson
Björn Friðþjófsson
Helga Friðriksdóttir
Ingvar Guðjónsson
Valdemar Einarsson
Þórarinn Gunnarsson

Samninga- og félagaskiptanefnd

Jóhannes Ólafsson formaður
Stefán Geir Þórisson
Örn Gunnarsson
Gísli Hall (til vara)
Guðmundur H. Pétursson (til vara)
Jóhann Albertsson (til vara)

Útbreiðslunefnd

Vignir Már Þormóðsson formaður
Björn Friðþjófsson
Jakob Skúlason
Tómas Þóroddsson
Valdemar Einarsson
Vigfús Örn Gíslason (til vara)
Ómar B. Stefánsson (til vara)
Magnús Ásgrímsson (til vara)
Trausti Hjaltason (til vara)

Hæfileikanefnd

Þórarinn Gunnarsson formaður
Einar Hermannsson
Hjördís Baldursdóttir
Íris Björk Eysteinsdóttir
Jóhann Torfason
Unnsteinn Jónsson
Þorsteinn Hilmarsson

Sögunefnd

Ágúst Ingi Jónsson formaður
Ásta B. Gunnlaugsdóttir
Ellert B. Schram
Halldór Einarsson
Jón Gunnlaugsson

Heilbrigðisnefnd

Reynir Björn Björnsson formaður
Einar Jónsson
Friðrik Ellert Jónsson
Gauti Laxdal
Hjalti Kristjánsson
Hjörtur Þór Hauksson
Stefán Stefánsson
Svala Helgadóttir

Sveinbjörn Brandsson

Þjálfaranefnd

Atli Eðvaldsson
Ásgeir Sigurvinsson
Eyjólfur Sverrisson
Guðjón Þórðarson
Guðni Kjartansson
Helena Ólafsdóttir
Jóhannes Atlason
Jörundur Áki Sveinsson
Logi Ólafsson
Ólafur Jóhannesson
Sigurður R. Eyjólfsson
Vanda Sigurgeirsdóttir

Starfshópur um framkvæmd jafnréttisáætlunar

Guðrún Inga Sívertsen formaður
Helga Friðriksdóttir
Hörður Guðbjörnsson
Kristín Arnþórsdóttir
Pétur Magnússon

Starfshópur stjórnar

Gísli Gíslason formaður
Gylfi Þór Orrason
Róbert Agnarsson
Rúnar Arnarson
Vignir Már Þormóðsson

Starfshópur um jöfnun ferðakostnaðar

Jóhannes Ólafsson formaður
Bjarni Ólafur Birkisson
Borghildur Sigurðardóttir
Jóhann Torfason
Kristinn Kjærnested

Starfshópur um uppalda leikmenn

Gísli Gíslason formaður
Almar Guðmundsson
Börkur Edvardsson
Jónas Gestur Jónasson
Róbert Agnarsson

Starfshópur um aldursflokkaskiptingu

Róbert Agnarsson formaður
Gísli Gíslason
Lúðvík Arnarson
Selma Sigurjónsdóttir
Viggó Magnússon



Starfshópur um félagaskipti og samninga

Örn Gunnarsson formaður

Ásgeir Ásgeirsson

Eysteinn Pétur Lárusson

Kjartan Páll Þórarinnsson

Framkvæmdanefnd EM U17 kvenna 2015

Guðrún Inga Sívertsen formaður

Ragnhildur Skúladóttir

Lúðvík S Georgsson

Þórarinn Gunnarsson

Jakob Skúlason

4. 68. ársþing KSÍ

- Þinggerð. Þinggerð ársþings verður birt á heimasíðu KSÍ á næstu vikum.
- Ályktunartillögur ársþings. Í samræmi við samþykktar ályktunartillögur frá ársþingi samþykkti stjórn KSÍ eftirfarandi breytingar á reglugerðum KSÍ:

Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót

Við bætist eftirfarandi ákvæði og númerast önnur ákvæði í samræmi:

„23.2.8 Mótanefnd er heimilt að gera breytingar á niðurröðun leikja eftir 8 liða úrslit bikarkeppninnar með tilliti til þátttöku liða í Evrópukeppni á eftirfarandi forsendum: Hafi lið spilað 6 leiki á undangengnum þremur vikum eða innan 48 tímar liðið frá lokum ferðalags vegna þátttöku í Evrópukeppni hefur mótanefnd heimild til þess að færa leikdaga, óski félag eftir frestun.“

Stjórn KSÍ samþykkir ákvæðið með lítilsháttar orðalagsbreytingum frá samþykkt ársþings.

Reglugerð KSÍ um aðgönguskírteini

Grein 4 í reglugerðinni hljóði svo:

„4.1 Skrifstofa KSÍ annast útgáfu aðgönguskírteina í umboði KSÍ. Öll skírteini sem gefin eru út skulu vera með nafni réttshafa, ásamt mynd og raðnúmeri.

4.2 Félög skulu senda skrifstofu KSÍ nafnalista og myndir fyrir 1. maí ár hvert.

4.3 Skrifstofa KSÍ sér til þess að félög fái skrá yfir handhafa skírteina áður en mót hefst og að félögum sé send uppfærð skrá ef ný skírteini eru gefin út eftir að keppnistímabil hefst.

4.4 Framkvæmdastjórnar ÍTF og KSÍ hafa eftirlit með 4.1-4.3 og leggja fyrir stjórnir beggja félaga greinargerð um útgáfuna að loknu keppnistímabili.“

5. Mótamál

- Niðurröðun móta 2014. Drög að leikjaniðurröðun í mótum sumarsins hefur verið birt á vef KSÍ. Félög hafa frest til 20. mars til að koma á framfæri athugasemdum.
- Lengjubikarinn 2014. Keppni í Lengjubikar karla hófst 15. febrúar og 25. febrúar í Lengjubikar kvenna.

6. Dómaramál

- Landsdómararáðstefna 28. febrúar – 1. mars. Árleg landsdómararáðstefna KSÍ var haldin dagana 28. febrúar – 1. mars. Gestafyrirlesari á ráðstefnunni var

Juan Antonio, fyrrum FIFA dómari frá Spáni. Juan Antonio var einnig með fyrirlestur fyrir eftirlitsdómara KSÍ en hann hefur starfað sem eftirlitsmaður UEFA síðustu ár.

- Knattspyrnulögin. Knattspyrnulögin 2013/2014 hafa verið birt á heimasíðu KSÍ.

7. Hæfileikamótun

- Heimsóknir. Fyrir liggja skýrslur Þorláks Árnasonar um heimsóknir sem hann hefur farið í á árinu en félög hafa verið heimsótt á Hornafirði, Vestmannaeyjum, Suðurnesjum, Suðurlandi, Vesturlandi og Austurlandi.

8. Mannvirkjamál

- Mannvirkjasjóður. Framkvæmdastjóri greindi frá því að 8 umsóknir bárust í Mannvirkjasjóð og verða umsóknirnar til umfjöllunar á næsta fundi mannvirkjanefndar.
- Vallarleyfi – tillögur mannvirkjanefndar. Stjórn KSÍ staðfestir eftirtalin vallarleyfi að fenginni tillögu mannvirkjanefndar KSÍ með meðfylgjandi athugasemdum eða skilyrðum:

Flokkur A

Laugardalsvöllur (– Fram) – öll skilyrði uppfyllt – vallarleyfi til 31. des. 2015.

Flokkur B

Akranesvöllur - ÍA – öll skilyrði uppfyllt – vallarleyfi til 31. des. 2015.

Egilshöll – (varavöllur Reykjavíkurfélaga) - öll skilyrði uppfyllt nema dómarabjalla – vallarleyfi til 31. des. 2014 að þeirri kröfu uppfylltri að dómarabjalla verði til staðar fyrir fyrsta leik vorið 2014.

Grindavíkurvöllur - Grindavík – öll skilyrði uppfyllt – vallarleyfi til 31. des. 2015.

Hlíðarendi – Valur – öll skilyrði uppfyllt – vallarleyfi til 31. des. 2015.

Kaplakriki – FH – öll skilyrði uppfyllt nema dómarabjalla – vallarleyfi til 31. des. 2015 að þeirri kröfu uppfylltri að dómarabjalla verði til staðar fyrir fyrsta leik vorið 2014.

Keflavíkurvöllur – Keflavík – öll skilyrði uppfyllt – vallarleyfi til 31. des. 2015.

Kópavogsvöllur – Breiðablik – öll skilyrði uppfyllt – vallarleyfi til 31. des. 2015.

Kórinn – HK - öll skilyrði uppfyllt nema hljóðkerfi og dómarabjalla – vallarleyfi til 31. des. 2015 að þeirri kröfu uppfylltri að ofangreint verði til staðar fyrir fyrsta leik vorið 2014.

KR-völlur – KR – öll skilyrði uppfyllt – vallarleyfi til 31. des. 2015.

Stjörnuvöllur – Stjarnan – er með gilt vallarleyfi til 31. des. 2014.

Víkingsvöllur – Víkingur – öll skilyrði uppfyllt – vallarleyfi til 31. des. 2015.



Fjölnisvöllur – Fjölnir – að koma upp eftir 4 ára dvöl í 1. deild – þurfa 1000 sæti + þak. Fjölnir er í dag með 690 sæti. Vallarleyfi veitt til 31. desember 2014 að því gefnu að sætum sé fjölgað eins og kostur er án stórframkvæmda (800 sæti) og áætlun um frambúðarlausn liggi fyrir næsta haust.

Fylkisvöllur – Fylkir – þurfa 1100 sæti og þak yfir a.m.k. helming. Framkvæmdir eru á fullu við stúku á Fylkisvelli. Samkvæmt verkáætlunum er gert ráð fyrir að stúka með 1600 sætum og þaki verði tilbúin í sumarbyrjun 2014. Vallarleyfi veitt til 15. júlí 2014, að því skilyrði uppfylltu að a.m.k. 1100 sæti séu til staðar í upphafi móts ásamt stjórnherbergi. Framlenging vallarleyfis skoðist svo í ljósi stöðu framkvæmda.

Hásteinsvöllur – ÍBV – þurfa 800 sæti og þak yfir a.m.k. helming. Framkvæmdir við stúku við Hásteinsvöll eru langt komnar. Þó á enn eftir að setja klæðningu á þakið, setja upp stjórnherbergi og ganga frá aðstöðu blaðamanna. Jafnframt vantar enn girðingu um keppnissvæðið sem er töluvert öryggismál á þessum velli. Vallarleyfi veitt til 15. júlí 2014 að þeirri kröfu uppfylltri að búið sé að klæða þakið í upphafi sumars og ganga frá stjórnherbergi og blaðamannaaðstöðu. Jafnframt skal þá liggja fyrir staðfest framkvæmdaáætlun fyrir girðingu um völinn, a.m.k. að norðanverðu, og skal hún komin upp eigi síðar en um mitt sumar (15. júlí 2014). Framlenging vallarleyfis út sumarið skoðist svo í ljósi stöðu þessara framkvæmda.

Þórsvöllur – Þór – vantar þak fyrir stúku. Í ljósi þess að viðræður munu fara í gang á milli bæjaryfirvalda á Akureyri og Þórs um lausn mála og þeirrar stöðu að langar vegalengdir eru í næsta völl sem uppfyllir öll skilyrði er undanþága gerð og vallarleyfi veitt til 31. desember 2015.

Flokkur C

Akureyrarvöllur – KA – er með gilt vallarleyfi til 31. des. 2014. Ekki eru þó fullnægjandi varamannaskýli til staðar og er farið fram á það verði komið í lag fyrir fyrsta leik vorið 2014.

Ásvellir – Haukar – öll skilyrði uppfyllt – vallarleyfi til 31. des. 2015.

Gróttuvöllur (hugsanlegur varavöllur fyrir Reykjavíkurfélag) – nokkur minni atriði óuppfyllt – stærð dómaraklefa ábótavant (leysanlegt), of fá sæti í búningsklefum (ef notaðir sem einfaldir klefar – lið geta fengið 2 klefa), og varamannskýli ekki fullnægjandi. Vallarleyfi veitt til 31. des., 2014, en að stærð varamannskýla verði í lagi fyrir fyrsta leik vorið 2014, og fyrir liggi hugmyndir um úrbætur varðandi búningsklefa.

Leiknisvöllur – Leiknir – öll skilyrði uppfyllt – vallarleyfi til 31. des. 2015.

Ólafsvíkuvöllur – Víkingur – öll skilyrði uppfyllt – vallarleyfi til 31. des. 2015.

Selfossvöllur – Selfoss - er með gilt vallarleyfi til 31. des. 2014. Öll skilyrði uppfyllt nema dómaraþjalla og er farið fram á það verði komið í lag fyrir fyrsta leik sumarið 2014.

Sauðárkróksvöllur – Tindastóll – nokkur minni háttar skilyrði óuppfyllt, svo sem varamannaskýli, leið leikmanna óvarin, dómaraþjalla, vallarreglur og

skyndihjálp. Vallarleyfi veitt til 31. des. 2014, að því skilyrði uppfylltu að þetta verði í lagi fyrir fyrsta leik sumarið 2014.

Torfnesevöllur – BÍ/Bolungarvík – ýmsu í umgjörð vallar ólokið.

Ný stúka fyrir 500 manns hefur verið reist við Torfnesevöll, en nokkur minni skilyrði eru enn ekki uppfyllt, svo sem girðing um völlinn, leið leikmanna er óvarin, hreinlætisaðstaða og vallarreglur. Vallarleyfi veitt til 15. júlí 2014, að því skilyrði uppfylltu að þetta verði að mestu komið í lag fyrir fyrsta leik vorið 2014, og fyrir liggi a.m.k. framkvæmdaáætlun vegna girðingar.

Valbjarnarvöllur – Þróttur – nokkur minni háttar skilyrði óuppfyllt, svo sem leið leikmanna óvarin, dómaraþjalla og vallarreglur. Vallarleyfi veitt til 31. des. 2014, að því skilyrði uppfylltu að þetta verði í lagi fyrir fyrsta leik sumarið 2014.

Varmárvöllur - Afturelding – vantar 300 sæti og nokkur minni háttar skilyrði óuppfyllt, svo sem leið leikmanna óvarin og vantar mjúkt efni og dómaraþjalla. Framkvæmdir eru á áætlun fyrir sumarið við að setja skeljar í áhorfendapalla sem eru til staðar. Vallarleyfi veitt til 31. des. 2014, að því skilyrði uppfylltu að þetta verði í lagi fyrir fyrsta leik sumarið 2014.

Í umsögnum mannvirkjanefndar kemur auk þessa fram að sótt sé um leyfi fyrir KR-knattspyrnugrasvöllur fyrir leiki KV í 1. deild. Mannvirkjanefnd KSÍ hefur ekkert fast í höndunum varðandi nauðsynlegar framkvæmir við völlinn. Þó kemur fram í leyfisumsókn að framkvæmdir séu fyrirhugaðar, verkfræðingar og arkitektar til staðar, og að tryggt verði að umgjörð verði í lagi. Hins vegar kemur þar ekkert fram um um fjármögnun eða raunverulega framkvæmdaáætlun. Til að hægt sé að veita keppnisleyfi í C-flokki þá þarf að liggja fyrir framkvæmdaáætlun og a.m.k. hugmyndir að fjármögnun hennar. Vallarleyfi í C – flokki er því ekki veitt á KR-knattspyrnugrasvöll.

9. Leyfismál

- Keppnisleyfi 2014. Leyfisráð kemur saman föstudaginn 14. mars og fer yfir leyfisgögn félaganna.

10.A landslið karla

- Vináttuleikir:
Austurríki – Ísland 30. maí 2014. Samkomulag hefur verið gert um að leika vináttuleik gegn Austurríki ytra þann 30. maí 2014.
Ísland – Eistland 4. júní 2014. Samkomulag hefur verið um að leika vináttuleik gegn Eistlandi 4. júní nk. á Laugardalsvelli en samkomulagið felur jafnframt í sér að leikið verður í Eistlandi í marsmánuði 2015.
- EURO 2016 – dráttur í riðla. Dregið var í undankeppni EM 2016 í Nice í Frakklandi nýverið. Ísland leikur í riðli með Hollandi, Tékklandi, Tyrklandi, Lettlandi og Kasakstan.
- Miðasala á EURO 2016. Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu að fyrirkomulagi miðasölu og verð á miðum fyrir undankeppni Euro 2016. Stjórn staðfesti fyrirbyggjandi tillögu að miðaverði og fyrirkomulagi miðasölu.

11.A landslið kvenna

- Algarve Cup. Í riðlakeppninni tapaði liðið gegn Þýskalandi 0-5 en vann Noreg 2-1 og Kína 1-0. Ísland vann Svíþjóð 2-1 í leik um þriðja sætið og náði sínum næst besta árangri á mótinu.

12. Yngri landslið

- U21 karla – undankeppni EM 2015:
Kasakstan – Ísland. Leiknum lauk með 3-2 sigri Kasakstan.
- U19 karla – vináttuleikir. Ísland vann Svíþjóð 3-0 og 2-0 í leikjum sem fram fóru í Kórnum og Egilshöll 4. og 6. mars.
- U17 karla – vináttuleikir. Ísland tapaði gegn Noregi 1-2 og 0-3 í leikjum sem fram fóru í Kórnum 28. febrúar og 2. mars.
- U17 karla – milliriðill EM 2014. Ísland leikur í riðli með Portúgal, Lettlandi og Úkraínu en leikið verður í Portúgal 26. – 31. mars.
- U19 kvenna – vináttuleikir. Ísland tapaði gegn Finnlandi 1-4 og 0-2 í leikjum sem fram fóru í Finnlandi 11. og 13. mars.

13. UEFA

- Ársþing UEFA í Kasakstan. Ársþingið fer fram 27. mars nk. Fulltrúar KSÍ á þinginu verða formaður og framkvæmdastjóri.
- Fundur heilindafulltrúa Norðurlandanna í Helsinki – skýrsla og tillögur. Fyrir liggur skýrsla frá Þorvaldi Ingimundarsyni heilindafulltrúa KSÍ um fund sem haldinn var í Helsinki. Þorvaldur leggur fram tillögur um viðbrögð KSÍ við aukinni hættu á hagræðingu úrslita og veðmálum tengdum slíku athæfi. Unnið verður að málinu af framkvæmdastjóra og heilindafulltrúa.

14. Önnur mál

- Laugardalsvöllur. Formaður greindi frá viðræðum sem hann hefur átt við Reykjavíkurborg vegna rekstrarsamnings um Laugardalsvöll og fyrirhugaðar framkvæmdir vegna flóðljósa.
- Þór – Dalvík/Reynir 13. janúar 2014. Upp hafa komið ásakanir í garð leikmanna og starfsmanna Þórs og Dalvíkur/Reynis um að aðilar innan félaganna hafi tekið þátt í veðmálum tengdum úrslitum leiks sem leikinn var þann 13. janúar s.l. Stjórn KSÍ fer þess á leit við bæði félög að þeir aðilar sem skráðir eru á leikskýrslu umrædds leiks staðfesti með undirritun sinni heimild til þess að SBIU (Sports Betting Intelligence Unit of the Gambling Commission of Great Britain) fái aðgang að upplýsingum, frá veðmálafyrirtækinu Bet365 í Bretlandi, um hugsanlega veðmálareikninga viðkomandi einstaklinga hjá Bet365. Óskað er eftir að viðbrögð félaganna liggi fyrir með formlegum hætti fyrir 21. mars nk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:30